



SAMSTARFSSAMNINGUR


Félag atvinnurekenda (FA) f.h. *Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins, Íslensk-indverska viðskiptaráðsins, Íslensk-taílenenska viðskiptaráðsins og Íslensk-evrópska verslunarráðsins*, hér eftir nefnd „**viðskiptaráðin**“ annars vegar, og **utanríkisráðuneytið** hins vegar gera með sér þennan samning um samstarf á sviði utanríkisviðskipta Íslands á markaðssvæðum tilgreindra viðskiptaráða.

1. Aðilar eru sammála um að viðhalda og dýpka það góða samstarf sem þeir hafa átt undanfarin ár um eflingu utanríkisviðskipta Íslands. Á það sérstaklega við um þau fjögur markaðssvæði sem FA rekur viðskiptaráð fyrir, þ.e. Kína, Indland, Taíland og Evrópusambandið.
2. Aðilar munu starfa saman að því að gæta hagsmuna atvinnulífsins á ofangreindum mörkuðum, svo sem með skipulagningu gagnkvæmra heimsókna viðskiptasendinefnda og með skipulagningu funda og ráðstefnuhaldi.
3. Aðilar munu starfa saman að hagsmunagæslu atvinnulífsins við gerð fríverslunarsamninga eða annarra viðskiptasamninga við viðkomandi markaðssvæði, svo og vegna reglubundins samráðs við stjórnvöld á viðkomandi markaðssvæðum.
4. Samráð verður milli aðila eftir þörfum um vandamál eða hindranir sem upp geta komið í viðskiptum Íslands og viðkomandi markaðssvæða.
5. Sendiherra Íslands sem fer með fyrirvar gagnvart viðkomandi markaðssvæði munu eiga fund með stjórn viðkomandi viðskiptaráðs áður en starf hans hefst og árlegan fund eftir það. Stjórnir viðskiptaráðanna og viðskiptafulltrúar Íslands í viðkomandi sendiráðum eigi jafnframt reglulegt samráð.
6. Eftt verður til árlegs fundar utanríkisráðherra með framkvæmdastjóra og formönnum viðskiptaráðanna.
7. Íslensk-evrópska verslunarráðið hefur þá sérstöðu að starf þess snýr eingöngu að framkvæmd EES-samningsins og tvíhliða viðskiptasamningum Íslands og Evrópusambandsins, en ekki að viðskiptum við einstök aðildarríki ESB.


Komi til þess að fleiri viðskipta- og verslunarráð bætist í raðir viðskiptaráða FA nær þessi samstarfssamningur jafnframt til þeirra, að fengnu samþykki beggja aðila.

Reykjavík, 2. júní 2021

Utanríkisráðherra


Guðlaugur Þór Þórðarson

Framkvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda


Ólafur Stephensen

